



Þingeyjarsveit

590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

Stjórn SSNE
b.t. Eyþórs Björnssonar

Laugar 7.01.2021
Málsnr. 2101008

Efni: Almenningsamgöngur – Strætó, leið 79

Í framhaldi af símtali sem undirrituð átti við framkvæmdastjóra SSNE þann 7. janúar 2021:

SBA hefur tekið við akstri Strætó, leið 79 Húsavík-Akureyri eftir útboð Vegagerðarinnar s.l. haust á óbreyttum leiðum. Þann 1. janúar hóf SBA akstur og í kjölfarið var leið 79 breytt, nú ekur Strætó frá Húsavík til Akureyrar í gegnum Kaldakinn og þar með hafa tvær stoppistöðvar verið felldar út í Þingeyjarsveit, á Laugum og á Fosshóli.

Þessi breyting skerðir verulega þjónustu við íbúa hér á okkar svæði m.a. þeirra sem stunda vinnu á Akureyri. Einnig hefur þetta mikil áhrif á Framhaldskólann á Laugum (FL) en áhersla hefur verið lögð á að tengja alla framhaldsskóla á svæðinu við leiðakerfi Strætó og nú er FL eini skólinn sem er utan þess.

Þá var þessi ákvörðun tekin án nokkurs samráðs við okkur í Þingeyjarsveit sem er óásættanlegt. Það er Vegagerðin sem sér um framkvæmd almenningsamgangna í samstarfi við Strætó og hefur undirrituð haft samband við fulltrúa Vegagerðarinnar, Strætó og SBA og óskað eftir rökstuðningi þessarar ákvörðunar. SBA benti á Strætó og Strætó benti á Vegagerðina sem þótti miður að ekki hafi verið haft samráð við sveitarfélagið en sagði ástæðu ákvörðunarinnar vera kröfu um hagræðingu samkvæmt fjárlögum. Þá hefðu umferðarverkfræðinga vegagerðarinnar lagt mikla vinnu í að reikna út og skipuleggja breytingar á leiðakerfi Strætó, heildstætt í samræmi við hagræðingarkröfu ríkisins og þar við sæti.

Eftir samtal við fulltrúa SBA felst hagræðingin í því að nú eru þeir með tvo bíla í stað þriggja sem er sparnaður uppá 20 milljónir. Hins vegar telja þeir það ekki skipta máli hvort þeir fari Kaldakinn eða yfir Fljótsheiði og þar með gæti Fosshóll komið aftur inn, það sé ákvörðun Vegagerðarinnar eða Strætó. Þá stendur eftir fimm mínútna akstur til viðbótar í Laugar og spurning hver hagræðingin er að sleppa þeirri leið.

Einnig er vert að benda á að í upphafi ók Strætó Kaldakinn eins og nú er orðið. Seinna við endurskoðun var óskað eftir því að farið yrði yfir Fljótsheiði í stað Kinnar og bæta tveimur stoppistöðvum inn, Laugum og Fosshóli. Samþykkt var að fara Fljótsheiðina með stoppistöð á Einarstöðum og Fosshóli en stoppistöð á Laugum yrði að bíða þar til Vaðlaheiðargöng yrðu opnuð. Þegar göngin voru opnuð gekk sú ósk þó ekki eftir í fyrstu og ekki fyrr en

Þingeyjarsveit samþykkti að greiða fyrir leiðina í Laugar sem við gerðum í heilt ár. Eftir það var stoppistöð á Laugum komin inn í skipulagt leiðakerfi Strætó og hefur verið þar til nú.

Um er að ræða byggðamál, skert búsetuskilyrði og í raun pólitíska ákvörðun sem embættismenn vegagerðarinnar taka án nokkurs samtals né samráðs.

Undirrituð óskar hér með eftir stuðningi stjórnar SSNE varðandi þetta mál.

Með kveðju,

Dagbjört Jónsdóttir
Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar